

Tilfni fundar: Æskulýðs og tómstundanefnd Flóahrepps			Síða
<b>FUNDARGERÐ</b>		<b>Efni Samvinna við Flóaskóla-félagsmiðstöð</b>	1 (2)
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
18.01.2011	20:30	Flóaskóla	3
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. Boðað	
Anný Ingimarsdóttir	Sigríður M. Björgvinsdóttir	11.01.2011	
Fundarmenn			
Anný Ingimarsdóttir, Gauti Gunnarsson, Kristín Sigurðardóttir, Sigríður M. Björgvinsdóttir			
Afrit			
Fundarmenn, aðrir í æskulýðs og tómstundanefnd Flóahrepps auk Kristínar Sigurðardóttur og Margrétar Sigurðardóttur			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
1	Kristín vildi koma á framfæri upplýsingum um SAMSUÐ sem eru eru samtök félagsmiðstöðva á suðurlandi.	Allir	
2	Kostnaður að vera meðlimur í SAMFÉS, samtökum félagsmiðstöðva er 30.000 á ári. Að auki gæti krakkar þurft að borga á sérstaka viðburði sem og kostnaður vegna undirbúnings á viðburði s.s. þjálfun og búninga fyrir söngvakeppni o.fl. Vantar upplýsingar um ýmis kostnað sem fylgir þessu s.s. rútukostnaður á viðburði (var ca. 30.000 þegar nemendur í Flóaskóla fóru á viðburð í Aratungu desember sl.) Ákveðið að vera í sambandi við aðrar félagsmiðstöðvar til að fá upplýsingar.	Allir	
3	Kristín vék af fundi eftir ofangreinda umræðu		
4	Hugsanlegt að þurfi að sækja um aukið fjármagn til starfsins ef vilji er til að ráða starfsmann á vegum nefndarinnar.		
5	Forstöðumaður félagsmiðstöðvar á Selfossi er tilbúin til að taka 9. bekk Flóaskóla með á SAMFÉS hátíðinna sem er í byrjun mars. En þau geta ekki tekið þátt í söngvakeppni sem er í tengslum við hátíðinna þar sem aðild Flóans að SAMFÉS hefur ekki öðlast gildi þegar hún er haldin. Ákveðið að þykkja boðið að krakkar úr 9. bekk Flóaskóla geti farið á hátíðina.		
6	Haldinn verður próflokaviðburður þann 1. Febrúar næstkomandi á vegum Flóaskóla og munum við styrkja þann viðburð ef þarf. Leggjum til að haldið verði ball þar sem unglíngadeildum samstarfs skóla í uppsveitum verður boðið. Munum auglýsa með 2ja vikna fyrirvara, dagsetningar sem koma til greina eru 18. eða 24. febrúar auk 10. mars en ræða þarf við hina skólana um heppilega dagsetningu m.v. þeirra skóladagatöl. Stefnt á að halda einnig kvöldvöku síðar á önninni.	Allir	
7	Þurfum aðila til að sjá um að halda utan um starfið hvað varðar þátttöku í stærri viðburðum. Tillaga kom frá Gauta um að nýta starfskrafta ungmennafélaganna í stað þess að ráða fastan starfsmann. Ákveðið að ræða við formenn félaganna um hugsanlegt samstarf.	Anný	
8	Upplýsingar hafa fengist hjá Kristínu skólastjóra Flóaskóla að þegar starfsmenn skólans fóru með krökkum á sameiginlegt ball á Flúðum og Aratungu 2010 var greitt ca. 3.500 kr/klst. Athuga þarf verðskár sem nota má til viðmiðunar t.d. ef ungmennafélögin taka að sér utanumhald starfsins.	Anný	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
9	Fyrir viðburði sem ekki verða í Flóaskóla þarf að bóka hús, finna plötusnúð, setja upp sjoppu og skipuleggja umsjónar/eftirlitsaðila ofl. Verður rætt við þann sem tekur að sér umsjón með starfinu.	Allir	
10	Hugsanlegt að halda hugarflugsfund í haust með unglíngunum varðandi dagskrá næsta vetrar. Smíðjuhelgar á Flúðum voru fyrir jóli, brjóstsykursgerð á Selfossi og margar aðrar hugmyndir hafa komið fram. Skoðum við skipulag starfsins í haust.		
11	Rætt um að hafa 7. bekk með á opnu húsi og kvöldvökum.	Allir	
12	Skátarnir og björgunarsveitirnar með í athugun að koma og kynna starfið. Sleipnir kynnr æskulýðsstarf hestamannafélagsins þann 19. janúar í skólanum.	Gauti/Sirry	
13	Þurfum að fá erindisbréf fyrir nefndina sem fyrst til að vita hvaða ákvörðunarrétt og umboð nefndarinnar er.	Anný	
14	Ákveðið að sækja formlega um til sveitarstjórnar að fá að nýta félagsheimilin fyrir unglíngastarfið á svipuðum nótum og Flóaskóli.		
15	Ákveðið að fá fulltrúa ungmennafélaganna á næsta fund nefndarinnar.	Anný	
16	Ákveðið að halda áfram með heimasíðuna, Gauti situr hjá við þá ákvörðun. Sirry tekur að sér umsjón síðunnar þar til annað verður ákveðið en best að umsjónaraðilar starfsins taki við henni sem fyrst. Upplýsingar og annað sem á að fara á síðuna þarf að senda á netfang <a href="mailto:sirry@simnet.is">sirry@simnet.is</a> til að byrja með.	Sirry	
17	Fundi slitið kl. 22. Næsti fundur ákveðinn 8. febrúar á sama stað kl. 20:30		